

3.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 25.júní, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Karen Jóhannsdóttir fulltrúi tækninefndar í hóp fimleikum, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla, Hlín Bjarnadóttir fulltrúi tækninefndar kvenna og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi, Jósep Húnfjörð gjaldkeri boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1. Ráðning sviðsstjóra fræðslumála

Þann 8. júní síðastliðinn var auglýst á vef sambandsins og samfélagsmiðlum, starf sviðsstjóra fræðslumála, jafnframt var tilkynning um starfið sent öllum aðildarfélögum, tækninefndum og yfirþjálfurum félaga. Stjórn FSÍ bárust nokkrar umsóknir um starfið. Eftir að hafa farið yfir innkomnar umsóknir þá mat framkvæmdastjóri 3 umsóknir hæfar og þarf af 2 umsóknir mjög hæfar. Í framhaldi af því voru 2 umsækjendur teknir í viðtöl. Framkvæmdastjóri FSÍ leggur til að Íris Svavarsdóttir verði ráðin í starf sviðsstjóra fræðslumála.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir að Íris Svavarsdóttir verði ráðin sem sviðsstjóra fræðslumála FSÍ og óskar henni til hamingju með ráðninguna og væntir mikils af störfum hennar fyrir Fimleikahreyfinguna. Framkvæmdarstjórar er falið að ganga frá ráðningunni.

2. Skorkerfi vegna EM í hóp fimleikum 2014

Við undirbúning á Evrópumótinu í hóp fimleikum sem haldið verður hér á landi 2014, hefur komið í ljós að þau skorkerfi sem til eru hér á landi uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til mótshaldara. Í ágúst mun fara fram samráðsfundur hjá danska og sænska fimleikasambandinu þar sem farið er yfir þau kerfi sem til eru í þeim löndum og voru m.a. notuð á EM 2012 (Danmörk) og EM 2010 (Svíþjóð). FSÍ hefur verið boðið að taka þátt í þessum samráðsfundi.

Stjórn mælir með að fulltrúar FSÍ verði sendir á fundinn til að fara yfir samstarfsmöguleika sem fyrir hendi eru, ásamt því að kanna hvort viðkomandi kerfi muni uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíks kerfis.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir að senda tvo fulltrúa á fundinn.

3. Skipun undirbúningsnefndar (LOC) fyrir Evrópumótið í hóp fimleikum 2014

Allt frá því að ákveðið var að sækja um að halda Evrópumótið í hóp fimleikum 2014, hefur hópur verið að vinna að undirbúningi mótsins undir forystu Arnars Ólafssonar varaformanns FSÍ. Ljóst er að mörg verkefni eru framundan er varða skipulagningu og því mikilvægt að formleg undirbúningsnefnd (LOC) verði stofnuð.

Arnar Ólafsson varaformaður leggur fram tillögu um að eftirtaldir einstaklingar verði skipaðir í LOC nefnd fyrir EM 2014.

Arnar Ólafsson
Auður Inga Þorsteinsdóttir
Ása Inga Þorsteinsdóttir
Eyrún Jónsdóttir
Hrund Þorgeirsdóttir
Íris Svavarsdóttir
Sólveig Jónsdóttir
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir

Nefndin myndi skipta með sér verkum á fyrsta fundi.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir stofnun LOC nefndar fyrir EM 2014. Ljóst er að mikið verk er fyrir höndum og fagnar stjórn því að fyrrnefndir einstaklingar hafi boðið sig fram í undirbúningsnefndina. Arnari er falið að kalla saman nefndina og veita henni forystu.

4. Stofnun einkahlutafélags vegna EM í hópímleikum 2014

Eins og öllum er kunnugt, þá mun FSÍ halda Evrópumót í hópímleikum í október 2014. Þetta er umfangsmikið verk og margir hugsanlegar áhættuþættir varðandi framkvæmd á mótinu. Til að lágmarka ábyrgð FSÍ, þá mælir stjórn með því að stofnað verði einkahlutafélag, í eigu FSÍ, utan um rekstur á mótinu.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir að stofnað verði einkahlutafélag utan um rekstur og uppsetningu á Evrópumóti í hópímleikum 2014. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa stofnun þess og sjá um að viðeigandi gögn séu útbúin.

5. Fjöldi þátttakenda á HM í áhaldafímleikum 2013

HM í áhaldafímleikum karla og kvenna verður haldið í Antwerp í Belgíu, daganna 26 september til 6 október nk. . Mótið er einstaklingsmót þar sem að þrír keppendur frá hverju landi mega stíga upp á hvert áhald. Leyfilegur fjöldi keppenda frá hverju landi eru 4 konur og 6 karlar. Sviðsstjóri landsliðsmála í samvinnu við landsliðsþjálfara leggur til að Ísland sendi 3 karla og 3 konur til keppni. Einn þjálfari fyrir hvort kyn og fararstjóra með hópnum. Jafnframt gerir sviðstjóri landsliða það að tillögu sinni að einn dómari fyrir hvort kyn verði boðið að taka þátt. HM er stór mót þar sem kostnaður við gistingu er mikill. Því leggur sviðstjóri landsliða til að hópurninn gisti á category III hosteli, þannig sparast umtalsverðir fjármunir á hvern einstakling. Dómarar sambandsins gista á category II hóteli.

	MAG	WAG	
Keppendur	3	3	
Þjálfarar	1	1	
Dómarar	1	1	
Head of deligation			1

Málið rætt.

Tillaga sviðstjóra landsliða um fjölda keppenda er samþykkt, jafnframt er samþykkt að FSÍ greiði ferðakostnað og upphald fyrir tvo þjálfara, einn fyrir hvort kyn. Ljóst er að á síðustu árum hefur verið farið sú leið að FSÍ greiði fyrir viðbótar þjálfari sem jafnframt hefur gegnt hlutverki fararstjóra. Þannig hefur verið komið til móts við þau sjónarmið að mikið álag sé á þjálfurum á meðan á móti stendur. Jafnframt hefur verið uppi þau sjónarmið að þannig hafi verið hægt að koma betur til móts við keppendur á keppnisstað. Stjórn FSÍ samþykkir þó að sá möguleiki sé til staðar að félagsþjálfari sé með í för, en sé ekki kostaður af FSÍ eða keppendum sjálfum. Sú ráðstöfun þarf að vera gerð í samráði við landsliðsþjálfara og sviðstjóra landsliða.

Stjórn FSÍ samþykkir að sviðstjóri landsliða verður fararstjóri í þessari ferð, mikilvægt er fyrir framþróun starfsins og samvinnu milli iðkenda, þjálfara og sviðstjóra að hann sé til staðar og sjái það nýjasta sem er að gerast í áhaldafimleikum í heiminum.

Stjórn FSÍ samþykkir einnig að 1 dómari fyrir hvort kyn verði boðið þátttaka á HM 2013. Í reglum FIG um Heimsmeistaramót er þátttökupjóðum boðið að senda dómara og viljum við þiggja það boð, stjórn FSÍ telur orðspor okkar í dómgæslu á stór mótum mikilsvirði fyrir íslenska fimleika .

6. Fjöldi þátttakenda á world cup 15-17.september 2013.

Sviðsstjóri landsliðsmála leggur til að heimsbikar mótið sem fram fer í Króatíu þann 13. – 15. september, verði hluti af verkefnaskrá Fimleikasambandsins og óskar sviðsstjóri landsliðsmála eftir því að við sendum 4 konur þangað ásamt þjálfara og dómara.

Greinargerð: Lengi hefur verið rætt um að inn á verkefnaskrá FSÍ vanti erlend mót, mest hefur verið rætt um heimsbikarmót eða World cup sem haldinn eru vísvegur um Evrópu. Sviðstjóri landsliða í samvinnu við landsliðsþjálfara kvenna líta svo á að með vaxandi fjölda kvenna sem eru að æfa áhaldafimleika og stefna á landsliðsverkefni, sé World cup í Króatíu þann 13. – 15. september mikilvægur viðbót við verkefnaskrá FSÍ. Með því að senda 4 konur á World cup gefst öllum hópum tækifæri til að stefna á mót í haust og vinnan sem þær leggja að mörkum í sumar kemur íslenskum fimleikum til góða. Sviðsstjóri landsliðsmála telur að heimsbikarmótið komi til móts við þau markmið að viðhalda áhuga, auka framboð fyrir allan hópinn og að allir fái verkefni við hæfi og telur því mjög mikilvægt að bæta heimsbikarmótinu við verkefnaskrá FSÍ

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðsmála, um að senda fjórar konur sem keppendur á World Cup, og skuldbindur sig að borga fyrir einn þjálfara og einn dómara, en gæta þess að þeir konur sem valdar verða séu ekki þær sömu og verða valdar á HM. Sviðstjóra falið að tilkynna samþykkt þessa og framkvæmdarstjóra falið að setja mótið á mótadagskrá FSÍ.

Ólafur Eðvarð Rafnsson forseti ÍSÍ sem varð bráðkvaddur þann 19. júní s.l. verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 4. júlí klukkan 15:00. Erfidrykkja verður haldin í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum að lokinni athöfn. ÍSÍ hefur leitað til sérsambanda ÍSÍ í tengslum við heiðursvörð þegar kistan verður borin úr kirkju. Fimleikasambandið er ljúft að verða við þeirri beiðni og mun einn af landsliðsmönnum okkar verða fulltrúi FSÍ við þá athöfn.

Fimleikasamband Íslands sendir eiginkonu og börnum Ólafs, samstarfsfólki Ólafs hjá ÍSÍ innilegar samúðarkveðjur.

Fundi slitið kl. 18:35.